

Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Ársreikningur

2013

Sjávarútvegsráðstefnan ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogi
kt. 500310-1380

Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Ársreikningur

2013

Efnisyfirlit

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-9

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og hluthafa í Sjávarútvegsráðstefnunni ehf.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2013 fyrir Sjávarútvegsráðstefnuna ehf. byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur,  2014.

Deloitte ehf.



Lárus Finnbogason
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Tilgangur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. er að halda árlega ráðstefnu til að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og að vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi.

Ársreikningur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tap Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. á árinu 2013 nam kr. 1.834 Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 2.227.134, bókfært eigið fé í árslok er kr. 2.113.757 og er eiginfjárlutfall félagsins 95%.

Hluthafar í lok árs voru 80 en 83 í upphafi árs. Ellefu stærstu hluthafar í árslok og hlutfallsleg eign þeirra er eftirfarandi:

Hluthafi:	Eignarhlutur í kr.	Eignarhlutur í %
Royal Iceland hf.	25.000	5%
Klofningur ehf.	25.000	5%
Samtök fiskvinnslustöðva	25.000	5%
Marmark ehf.	20.000	4%
Oddi hf.	10.000	2%
Sjávariðjan Rífi hf.	10.000	2%
Navis ehf.	10.000	2%
Kristján Hjaltason	10.000	2%
Valdimar Ingi Gunnarsson	10.000	2%
Guðbrandur Sigurðsson	10.000	2%
Friðleifur K. Friðleifsson	10.000	2%

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði yfirfært til næsta árs.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5/6 2014.

Í stjórn

Órloa Kristínslóttis

Óslof Pásson
BYLGSA HAUKSÓ.

Guðbrandur Sigurðsson

Framkvæmdastjóri

Valdimar Ingi Gunnarsson

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur		8.605.679	6.346.345
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(348.849)	(436.329)
Annar rekstrarkostnaður		(8.110.264)	(5.142.045)
Rekstrarhagnaður		<u>146.566</u>	<u>767.971</u>
Fjármunatekjur	3	36.997	38.775
Fjármagnsgjöld	4	(181.155)	0
Hagnaður fyrir skatta		<u>2.408</u>	<u>806.746</u>
Tekjuskattur	5	(4.242)	(165.109)
(Tap), hagnaður ársins		<u><u>(1.834)</u></u>	<u><u>641.637</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	6	889.159	1.406.114
Aðrar skammtímakröfur	6	60.390	7.439
Handbært fé	6	1.277.585	1.365.013
		<u>2.227.134</u>	<u>2.778.566</u>
Eignir		<u>2.227.134</u>	<u>2.778.566</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	7		
Hlutfé		500.000	500.000
Lögbundinn varasjóður		125.000	125.000
Óráðstafað eigið fé		1.488.757	1.490.591
Eigið fé		<u>2.113.757</u>	<u>2.115.591</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	8	8.891	14.135
		<u>8.891</u>	<u>14.135</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddir reiknaðir skattar	5	9.486	162.820
Aðrar skammtímaskuldir	9	95.000	486.020
		<u>104.486</u>	<u>648.840</u>
Skuldir		<u>113.377</u>	<u>662.975</u>
Eigið fé og skuldir		<u>2.227.134</u>	<u>2.778.566</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		146.566	767.971
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>146.566</u>	<u>767.971</u>
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		464.004	(228.905)
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(391.020)	290.400
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>219.550</u>	<u>829.466</u>
Innborgaðir vextir og arður		36.997	38.775
Greiddir vextir		(181.155)	0
Greiddir skattar		(162.820)	(61.208)
Handbært fé (til), frá rekstri		<u>(87.428)</u>	<u>807.033</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(87.428)	807.033
Handbært fé í upphafi árs		<u>1.365.013</u>	<u>557.980</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>1.277.585</u></u>	<u><u>1.365.013</u></u>
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		<u>183.563</u>	<u>806.746</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Sjávarútvegsráðstefnan ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Sjávarútvegsráðstefnan ehf. er einkahlutafélag sem hefur þann tilgang að halda árlega ráðstefnu til að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og að vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

3. Fjármunatekjur

	2013	2012
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	36.997	38.775
	<u>36.997</u>	<u>38.775</u>

4. Fjármagnsgjöld

	2013	2012
Önnur vaxtagjöld	181.155	0
	<u>181.155</u>	<u>0</u>

5. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 4.242 krónum. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2014 nemur 9.486 krónum.

6. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2013	31.12.2012
Innlendar viðskiptakröfur	889.159	1.406.114
	<u>889.159</u>	<u>1.406.114</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2013	31.12.2012
Virðisaukaskattur	53.325	0
Fjármagnstekjuskattur	7.065	7.439
	<u>60.390</u>	<u>7.439</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2013	31.12.2012
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	1.277.585	1.365.013
	<u>1.277.585</u>	<u>1.365.013</u>

Skýringar

7. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í árslok	500.000	100,0%	500.000
	500.000	100,0%	500.000

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 500.000 og er nafnverð hvers hlutar ein króna. Hver hlutur jafngildir einu atkvæði.

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2013	500.000	125.000	1.490.591	2.115.591
Hagnaður/(tap) ársins			(1.834)	(1.834)
Eigið fé 31.12.2013	500.000	125.000	1.488.757	2.113.757

8. Frestaður skattur

	Frestaður skattur
Staða í ársbyrjun	14.135
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2013	4.242
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2014	(9.486)
Staða í árslok	8.891

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Veltufjáreignir	8.891
	8.891

9. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2013	31.12.2012
Virðisaukaskattur	0	391.020
Innborgað hlutafjárloforð	95.000	95.000
	95.000	486.020

Sundurliðanir

	2013	2012
Rekstrartekjur		
Tekjur og styrkir	8.605.679	6.346.345
	<u>8.605.679</u>	<u>6.346.345</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Endurskoðun og reikningsskil	196.000	196.000
Virðisaukaskattur vegna blandaðrar starfsemi	147.549	234.589
Annar kostnaður	5.300	5.740
	<u>348.849</u>	<u>436.329</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Auglýsingar	1.068.265	1.086.480
Ráðstefnukostnaður	5.541.255	2.894.417
Önnur aðkeypt þjónusta vegna ráðstefnu	1.400.000	1.100.000
Vefsíðugerð	77.814	41.088
Bankakostnaður	4.130	1.260
Ýmis kostnaður	18.800	18.800
	<u>8.110.264</u>	<u>5.142.045</u>